

Umræðufundur áhugafólks um eflingu kennslu í heimspeki og siðfræði á öllum skólastigum

30. júlí 2013, kl. 20-22

Fundarstaður: Forsetasalur Hótel Reykjavík Centrum, Aðalstræti, Reykjavík

Fundarstjóri: Sævar Finnbogason

Fundarritari: Brynhildur Sigurðardóttir

Fundargestir voru um 30.

Efni fundarins

Sævar Finnbogason stjórnarmaður í Félagi heimspekikennara setti fundinn. Hann tók fram að enginn sérstakur félagsskapur stæði að baki fundinum og varpaði fram þeirri hugmynd hvort ein útkoma af fundinum gæti verið stofnun einhvers konar hóps sem ynni áfram að eflingu heimspeki og siðfræði innan íslenska skólakerfisins.

Sævar kynnti Elsu Haraldsdóttur heimspeking sem hélt inngangserindi um stöðu heimspekikennslu á Íslandi.

Inngangserindi Elsu Haraldsdóttur

Elsa Haraldsdóttir hefur í heimspekinámi sínu við Háskóla Íslands og störfum fyrir vefinn [Gagnrýnin hugsun og siðfræði](#) gert viðamikla greiningu á gagnrýninni hugsun og heimspekikennslu. Hún hefur meðla annars kannað í hvaða skólum á Íslandi heimspeki er kennd. Þessi könnun var hálfformleg og tölur byggja á ólíkum forsendum eftir skólastigum. Svörun var einnig mismikil en nánari upplýsingar um rannsókn Elsu má lesa í [mastersverkefni hennar](#). Niðurstaða Elsu var að heimspeki er kennd í

- 4% leikskóla
- 6% grunnskóla, aðallega á unglingsstigi
- 47% framhaldsskóla bjóða námskeið í heimspeki
- 86% háskóla bjóða upp á kennslu í heimspeki. Framboðið er allt frá því að vera nokkur valnámskeið í heimspeki upp í heila heimspekideild þar sem hægt er að ljúka B.A. og hærri gráðum í heimspeki (í HÍ).

Fyrstu þrjú skólastigin vinna undir aðalnámskrá Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (MMR). Ný námskrá frá 2011 einkennist af því að þar eru skilgreindir 6 grunnþættir menntunar sem eru mjög heimspekilegs eðlis (jafnrétti, lýðræði og mannréttindi o.fl.). Heimspeki er lítið nefnd í aðalnámskránum: aðeins vinnusiðfræði er nefnd í námskrá framhaldsskólans þar sem aukin áhersla er lögð á sjálfstæði skóla til að móta sína námskrá. Í grunnskólanum er heimspeki grein undir hatti samfélagsgreina. Í námskrá leikskólans er talað um að nemendur taki þátt í heimspekilegum umræðum sem lið í að vinna að grunnþættinum lýðræði og mannréttindi.

Aðalnámskrá hefur áhrif á kennaramenntun sem þarf að miða að því að undirbúa kennara til að vinna skv. henni. Við Menntavísindasvið HÍ eru kenndir 3-4 heimspekiteygdir áfangar, enginn siðfræðiáfangi. Síðasta haust bauðst í fyrsta sinn að taka námsbraut til heimspekikennara.

Elsa hefur einnig kannað bakgrunn þeirra sem kenna heimspeki í íslenskum skólum og niðurstöður hennar í því efni eru að:

- Í framhaldsskólum eru flestir heimspekikennarar heimspekimenntaðir
- Í grunnskólum eru kennarar að kenna heimspeki vegna eigin áhuga og frumkvæðis. Nokkrir þeirra hafa numið fræði Matthew Lipman, flestir hafa bakgrunn í heimspeki.

Heimspekiskólinn í Reykjavík var stofnaður í kjölfar þess að Hreinn Pálsson nam hjá Lipman. Í Heimspekiskólanum unnu margir kennarar sem fóru síðan áfram með anga heimspekinnar inn í leik- og grunnskóla. Yngra- og miðstig grunnskólans er sá hluti skólakerfisins á Íslandi þar sem fjarvera heimspekinnar er mest áberandi. Heimspeki hefur um nokkurt skeið verið aðferðafræði sem beitt hefur verið í leikskólum á Íslandi.

Tvö stærri verkefni eru í gangi á sviði heimspekikennslu á Íslandi:

- *Gagnrýnin hugsun og siðfræði* er stofnun undir hatti Heimspekistofnunar HÍ
- *Félag heimspekikennara*, fagfélag undir hatti Kennarasambands Íslands

Það er ekki til skýr fræðilegur, heimspekilegur bakgrunnur fyrir heimspekikennara á Íslandi en vísir að honum er að myndast á ofangreindum vettvangi. Elsa benti á að það væru í raun tvö ólík markmið í gangi meðal þeirra sem koma að heimspekikennslu:

- Efla heimspekikennslu, þ.e. að kenna allt mögulegt sem hægt er að kalla heimspeki
- Efla gagnrýna hugsun og siðfræði, þ.e. að afmarka þessa tvo þætti heimspekinnar og kenna þá sérstaklega

Þessi ólíku markmið kveikja spurningar eins og:

- Hvaða fræðilega bakgrunn þarf heimspekikennari að hafa?
- Hverjir geta kennt heimspeki?
- Hverjir geta kennt gagnrýna hugsun? o.s.frv.

Kynning Þórs Saari á þingsályktunartillögu um heimspekikennslu

Þór Saari var einn að þeim einstaklingum sem áttu frumkvæði að því að kalla til fundarins. Hann sagði frá þróun þingsályktunartillögu um heimspeki sem skyldunámsgrein í grunn- og framhaldsskólum. Þór er sjálfur menntaður áhugamaður um heimspeki og telur að heimspeki sé mikilvægasta grein sem hægt er að kenna. Hann ásamt öðrum þingmönnum lögðu fram þingsályktunartillögu um að gera heimspeki skyldufag í grunn- og framhaldsskólum þrisvar sinnum á síðasta þingi. Að mati Þórs tekur of langan tíma að virkja öll lög skólasamfélagsins (foreldra, kennara, skólanefndir o.s.frv.) í þeirri von að þannig skapist víðtækur þrýstingur á að efla stöðu heimspekikennslunnar. Það þarf að festa kennslu heimspeki sem námsgreinar í lög til að framþróun verði í málinu. [Þingsályktunartillagan](#) kvað á um að námsgreinin yrði kennd annað hvert ár í gegnum grunnskólann og væri skyldukúrs á hverju ári í framhaldsskóla. Sigurlaug Hreinsdóttir spurði Þór hvort hann teldi löggjöf af þessu tagi duga til að efla þær stöðir sem núna vantar í heimspekikennslu á Íslandi, svo sem betri kennaramenntun. Þór svaraði því afdráttarlaust játandi, löggin væri forsenda raunverulegra breytinga.

Þór lauk máli sínu á að lýsa ánægju sinni með fjölda fundargesta, áhuga og umræðu sem birtist á fundinum. Hann varpaði þeirri spurningu til fundargesta hvort þeir gætu stutt hann í því að halda þingsályktunartillögum lifandi og koma henni aftur til meðferðar á Alþingi.

Fundargestir voru sammála um að fundarstjóri tæki saman lista með nöfnum og netföngum viðstaddra og setti saman tölvupóstlista þar sem umræðan gæti haldið áfram. Þar væri hægt að ákveða næstu skref. Stefnt er að því að setja upp lokaðan hóp á Facebook fyrir samskipti innan hópsins og halda annan fund í haust. Þór sagði frá því að hann vissi að þingsályktunartillagan hefði mikilvægan stuðning í samfélaginu og að hann myndi fara með hana milli núverandi þingmanna til að ýta henni aftur inn á þingið.

Umræður fundargesta

Það sem hér á eftir er skrifað er samantekt á atriðum sem fram komu í umræðum fundargesta. Frummælendur (Elsa og Þór) svöruðu spurningum fundargesta og tóku þátt í umræðunum sem voru líflegar og efnismiklar. Fundarstjóri kom af og til inn í umræðuna og skerpti á því sem fram hafði komið auk þess sem hann varpaði nýjum spurningum til fundarins.

Lýsing á stöðu mála

Í framhaldi af lýsingu Elsu á stöðu heimspekikennslu á Íslandi lögðu nokkrir heimspekikennarar fleiri atriði til myndarinnar sem upp var dregin. Bent var á að prósentutölur gæfu ekki fullnægjandi mynd af stöðunni og gætu bæði ýkt hana og dregið úr. Í framhaldsskólunum má t.d. efast um að heimspekikennsla nái til jafn margra nemenda og talan 47% gefur í skyn. Heimspeki er oftast nær valgrein sem fáir nemendur innan hvers skóla tekur. Stundum falla áfangar niður vegna þátttökuleysis. Hins vegar má færa rök fyrir því að heimspekikennsla í leikskólum sé mun meiri en talan 4% bendir til. Í samtölum við leikskólakennara og –stjórnendur kemur fram mikill áhugi á heimspekinni og tengist hann langri hefð innan þessa skólastigs að vinna á opinn hátt með hugsun barna, hlusta á raddir þeirra og vinna út frá þeirra áhuga. Skúli Pálsson benti á að innan íslenskra leikskóla væri hefð fyrir heimspekilegum spurningum og umræðum í daglegu starfi og að aðrir kennarar gætu lært margt af leikskólakennurum í þessu tilliti.

Spurt var um hlutverk og stöðu Félags heimspekikennara. Fram komu efasemdir um að félagið hefði náð sterkri stöðu sem fagfélag því það væri fámennt og stefna þess varðandi námskrá í heimspekikennslu væri ekki skýr. Þessum röddum var svarað með ábendingum um að félagið hefði beitt sér við samningu nýrrar aðalnámskrár þótt erindi þess hefðu lítinn hljómgrunn fengið í ráðuneytinu. Aðalnámskrá er að miklu leyti samin af fagfélögum í landinu og því er mjög mikilvægt að Félag heimspekikennara beiti sér vel á þessum vettvangi. Félagið er vaxandi, félagatalan eykst jafnt og þétt og dagskrá félagsins hefur aukist verulega síðustu misseri. Fram komu hugmyndir um að Félag heimspekikennara gæti beitt sér meira sem þrýstihópur til að styrkja stöðu heimspekinnar í kennaramenntun, meðal skólastjórnenda og í stjórnsýslunni. Margt hefur áunnist og félagið virðist tvímælalaust vera að nálgast stöðu sterks faggreinafélags því kennarar geta þar nálgast tengslanet, umræður, fræðslu og stuðning á sviði heimspekikennslu.

Námskrá í heimspeki

Er til námskrá í heimspeki fyrir íslenska skóla? Hvaða áhersla ætti að vera í slíkri námskrá?

Í umræðum um þessi atriði kristallaðist sá greinarmunur sem Elsa gerði í inngangserindi sínu um tvö ólík markmið heimspekikennslu. Fundargestir skiptust á skoðunum um hvort heimspeki ætti að kenna sem sérstaka námsgrein eða hvort hana ætti að greina í undirþætti eins og gagnrýna hugsun og siðfræði sem hægt væri að kenna undir hatti annarra námsgreina. Tryggvi Thayer benti á að menntapólitik hefði afgerandi áhrif á stöðu mála. Barátta rötgrónari námsgreina fyrir stöðu sinni gerir það að verkum að þessar greinar eigna sér námsþætti sem heimspekikennarar telja sína grein hafa fram að færa. Til dæmis er mikil tilhneiging til að vísa til greina eins og íslensku og samfélagsfræði þegar spurt er hvar og hvernig gagnrýnin hugsun er kennd í skólunum. Það virðist oft raunhæfari og fljótlegri leið inn í skólana að greina heimspekina sundur í ólíka þætti og fela þeim kennurum sem þegar eru að störfum að tvinna þá inn í skólasterfið. Hættan við þessa nálgun er að mikilvægir námsþættir þynnist út og verði að engu í höndum kennara sem hafa ekki sérmenntun og kennslureynslu í efninu.

Önnur ástæða fyrir því að kenna heimspeki sem sérstaka, heildstæða námsgrein frekar en sundurgreinda námsþætti er að við það minnkar hættan á því að heimspekin sé smættuð of mikið niður, til dæmis í þá hugmynd að heimspekikennsla sé það sama og kennsla í gagnrýninni hugsun. Þórdís Hauksdóttir varaði við því að horfa of þröngt á gagnrýna hugsun því þá yrði skapandi hugsun og umhyggja útundan, þættir sem eru þá kjarnaatriði í allri heimspekilegri iðkun. Þórdís lagði áherslu á að heimspekin væri öflugt tæki til að mennta einstaklinga frá unga aldri til að verða opnar og hugsandi verur. Hún bætti einnig við að þetta væri sérstaklega mikilvægt markmið því skólakerfið miðaði í raun of mikið að því að loka hugum nemenda.

Af hverju reynist þá svona erfitt að fá heimspekina metna sem skyldunámsgrein í íslenskum skólum? Er skortur á kennurum með heimspekimenntun og -reynslu ástæðan? Þór Saari taldi svo ekki vera og sagði frá því að mestu mótbáru við þingsályktunartillögum um að gera heimspeki að skyldunámsgrein hefði komið frá starfsfólki framhaldsskóla sem höfðu áhyggjur af því að slík skylda hefti frelsi skóla til að móta eigin námskrá. Áhersla á frelsi skóla til að móta sjálfa sig er mjög áberandi í nýrri námskrá og því virðist þessi hugmynd ganga gegn því. Sumir heimspekikennarar, t.d. Atli Harðarson, hafa einnig fært rök fyrir því að heimspeki ætti alls ekki að vera skylda. Nemendur hafi svo mismikinn áhuga á greininni og það gangi gegn hugmyndinni um sjálfstæða, gagnrýna hugsun að láta nemendur þjálfa sig í henni. Aðeins þeir sem vilji vera gagnrýnir geti lært að styrkja þann hæfileika. Þór svaraði þessu með því að fullyrða að það væri mikilvægara að kenna fólki að hugsa vel en að skólar hefðu frelsi til að gera það sem þeir vildu. Aðrir fundargestir bentu á að það fælust miklir möguleikar í frelsi skólanna til að móta eigin námskrá. T.d. væri opin námskrá í samfélagsfræði í grunnskóla tilvalinn vettvangur fyrir þá sem hafa áhuga á að koma heimspeki inn í grunnskólann.

Eru rökin fyrir gildi heimspekikennslu til? Eru þau nógu skýr og sannfærandi? Hafa þau verið sett á prent? Skiptar skoðanir voru um hvort fullnægjandi rökfærsla lægi fyrir og það hlýtur að vera umhugsunarvert fyrir þá sem áhuga hafa á að efla stöðu greinarinnar. Sumir fundarmenn héldu því fram að heimspekin ætti á brattann að sækja af því að fræðigreinin nyti ekki mikillar virðingar í íslensku samfélagi. Fram kom að heimspekikennsla á Íslandi hefði lítið sem ekkert verið rannsökuð, ef frá eru talin nokkur fjöldi lokaverkefni nemenda í heimspeki og við kennaradeildir háskólanna. Fundargestir virtust hafa sameiginlega hugmynd um að heimspekikennsla efli gagnrýna hugsun, skapandi hugsun, hugtakaskilning og fræðileg vinnubrögð. Spurningin er hvort þetta séu nægileg rök til að bæta greininni inn í ofhlaðnar skólanámskrár. Brynhildur Sigurðardóttir stakk upp á að það gæti

styrkt rökflutning heimspekinga að rannsaka muninn á heimspekikennslu og annarri kennslu sem hefur sömu meginmarkmið, t.d. íslenskukennslu.

Hindranir

Hverjar eru helstu hindranir í vegi heimspekikennslu á Íslandi?

Fundargestum varð tíðrætt um „göt“ í kerfinu um leið og þeir fögnuðu fjölmörgum sprotum og framtaki sem skapað hefur sterkan grundvöll sem hægt er að byggja á. Hreinn Pálsson tilgreindi kennaramenntun á Íslandi sem stærsta „gatið“. Hann vísaði til Menntavísindasviðs HÍ þar sem siðfræði er ekki liður í grunnmenntun kennara og mjög fá heimspekitegd námskeið í boði. Valnámskeiðið „Heimspeki með börnum“ er ekki kennt nema annað hvert ár og hefur fallið niður þess á milli vegna þess hversu fáir skrá sig í áfangann. Fundargestir vörpuðu einnig fram spurningum um hvað þyrfti að kenna fólki svo það gæti kennt heimspeki en ekki komu fram skýr svör við þessu. Í umræðum var lögð sérstök áhersla á að nauðsynlegt væri að efla menntun grunnskólakennara því fjarvera heimspekinnar væri mest áberandi á yngsta og miðstigi grunnskólans.

Erla Karlsdóttir bent á alvarlegan skort á heimspeki í framboði á námsefni. Erla hefur undanfarin misseri [rýnt í námsefni Námsgagnastofnunar](#) og metið það með tilliti til grunnþátta menntunar og nýrrar aðalnámskrár. Hún benti til dæmis á að ekki er til neitt námsefni í siðfræði fyrir miðstig grunnskólans. Einnig tók hún dæmi úr námsefni þar sem heimspekilegum spurningum var stillt upp þannig að nemendur voru beðnir um staðreyndasvör, án umræðu eða gagnrýni.

Lítill fjöldi heimspekikennara á Íslandi er takmarkandi þáttur. Fáir einstaklingar hafa sótt nám í heimspekikennslu og fáir heimspekingar hafa haft áhuga á kennslu á þrem fyrstu skólastigunum. Einar Kvaran varpaði fram spurningu um stöðu Félags heimspekikennara í þessu tilliti. Vegna þess að heimspekikennarar eru fáir og markmið námsgreinarinnar ekki skýr þá starfa kennararnir í raun eins og sjálfstæðar eyjur og hver gerir sitt í sínu horni. Einar benti á að í öðrum námsgreinum er sameiginleg fagvitund. Þessi fagvitun verður til í kringum ýmiss konar formlegar tengingar, kjaramál, menntahugsjón o.fl. Ef heimspekikennarar ætla að fara inn í kerfið þurfa þeir að fara inn í kerfisfötin, gera greinina að námsgrein og útskýra á skýran hátt af hverju það er mikilvægt.

Hvað á til bragðs að taka?

Niðurstaða fundarins var að þrátt fyrir hindranir hefði margt áunnist í heimi heimspekikennslunnar undanfarin ár og ástæðulaust væri að örvænta. Fjöldi verkefna biði þess stækkandi hóps sem er annt um stöðu heimspekinnar í skólunum og mikilvægt að skerpa sameiginlega sýn þannig að heimspekikennarar rói í sömu átt og efli þar með hver aðra og fagið.

Hugmynd Sigurlaugar Hreinsdóttur um að nauðsynlegt væri að vinna á öllum stigum skólasamfélagsins fékk góðan hljómgrunn. Hópar geta skipt með sér verkum til að skapa þrýstihópa á foreldasamfélagið, kennara, kennaramenntun, skólastjórnendur, sveitarstjórnir og skólanefndir og svo að lokum Alþingi.

Mikilvægt er að efla rannsóknir á heimspekikennslu og til þess er hægt að virkja masters- og doktorsnema í heimspeki og menntunarfræðum.

Hægt er að halda þjóðfund um menntun. Fulltrúar [Heimspekikaffihússins](#) gripu þessa hugmynd á lofti og hafa boðað kaffihúsaröð um hugtök tengd menntun.

Að lokum var samþykkt tillaga fundarstjóra um að fundargestir yrðu tengdir með netfangalista og myndu halda áfram að ræða möguleg úrræði og skapa þrýstihópa. Sævar tók að sér að setja upp netfangalista og facebook hóp.